

Til skólameistara og trúnaðarmanna í framhaldsskólum

Að gefnu tilefni eru hér nokkur atriði sem verkefnisstjórn um vinnumat vill koma á framfæri.

Aflæsing excelskjals reikniverksins

Excelskjalið sem heldur utan um vinnumatið er viðkvæmt fyrir villum í útreikningi þegar búið er að taka læsinguna af því (gera það „Unprotect“) og gögn hafa verið afrituð og límd innan skjalsins og milli skjala. Við biðjum notendur því um að vera sérstaklega varkára í innsetningarferlinu og fylgjast vel með að allar formúlur haldi sér í reikniverkinu.

Efra og neðra stig áfanga

Í viðauka við skýrslu verkefnisstjórnar frá 30. mars sl. segir í 3. lið:

Ef um er að ræða námsáfanga á 3. þrepi þar sem efra þrep er ekki tiltekið í sýnidæmum telur verkefnisstjórn eðlilegt að sömu meginsjónarmið gildi og í þeim greinum þar sem efra þrep er tilgreint.

Nú hefur verkefnisstjórn sett nánari skýringu um mat á áföngum sem þannig eru flokkaðir á efra stig í *Spurt* og *svarað* á heimasíðu verkefnisstjórnar. Þar segir:

Þegar horft er á heildarsafn sýnidæma má segja að meginmunur á efri og neðri áföngum birtist í hækkun á vinnumati í efri áföngum um 2 klst. undir samtölu liðanna „Verkefnis- og prófagerð á kennslutíma“ og „Prófagerð / framkvæmd lokaprófs (ef um slíkt er að ræða)“. Ennfremur að „Námsmat / yfirferð prófa / verkefna“ hækkar að jafnaði um 10 mín. milli efri og neðri áfanga.

Sérstaklega skal tekið fram að ekki er hægt að hlutfalla liðinn „Önnur vinna óháð nemendafjölda“ milli efri og neðri áfanga út frá meginsjónarmiðum í heildarsafni sýnidæma sbr. einnig nánar sýnidæmin sjálf.

Vegna umræðu um flokkun einstakra áfanga á efra og neðra stig mun verkefnisstjórnin senda frá sér bréf um ýmis álitæfni þessu tengd til vinnumatsnefnda, skólameistara og trúnaðarmanna innan skamms.

Samspil dagvinnu og yfirvinnu hjá kennurum í hlutastarfi

Engar breytingar hafa verið gerðar á viðmiðum við útreikning á yfirvinnu hjá þeim sem eru í hlutastarfi. Fyrst er fyllt upp í 100% starf skv. gr. 2.3.4 í kjarasamningi og það sem er umfram það er greitt sem yfirvinna. Vegna útreikninga á yfirvinnu á samantektarblaðinu hafa verið gerðar breytingar á reikniverkinu til að mæta þessu. Nýjasta útgáfa reikniverksins heitir *vinnumat_eydublad_utgafa_11* og fylgir hér með í viðhengi. Breytingin varðar kennara í hlutastarfi. Í fyrri útgáfum hefur reikniverkið ranglega sýnt yfirvinnu í dálkum R og V á samantektarsíðunni þegar kennari í hlutastarfi vinnur umfram ráðningarhlutfall að 100% starfi. Í útgáfu 11 litast þessi tilvik nú rauð þegar vinnumat í dálkum Q og V fer upp fyrir starfshlutfall í dálki E. Í þeim tilvikum þarf að samræma starfshlutfallið (hækka starfshlutfallið í dálki E) á viðkomandi tímabili þar til samræmi í umræddum dálkum næst. Með þessari aðferð á yfirvinna ekki að reiknast fyrr en vinnumat kennara er komið yfir 100% starfshlutfall.

Virðingarfyllst,

verkefnisstjórn um vinnumat framhaldsskólakennara

Afrit sent vinnumatsnefndum